

01. fundur stjórnar Siðmenntar

11. janúar 2024 | Laugavegi 178 | kl: 16:30

Mætt:

Á staðnum: Inga Auðbjörg Straumland, Sigurður Rúnarsson, Helga Bára Bragadóttir, Hope Knútsson og Eyjólfur Örn Snjólfsson framkvæmdastjóri.

Í fjarfundartengingu: Kristín Sævarsdóttir, Kristín Helga Schiöth og Guðni Rúnar Jónasson.

Fundargerð ritar: Eyjólfur Örn Snjólfsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá

1. Fjármálastaða

Bráðabirgðauppgjör bendir til að hagnaður ársins verði um 10 milljónir.

2. Afhending prentaðra skírteina

Núverandi staða: Alls konar skjöl hafa verið afhent síðustu ár.

Skírteini/plögg fyrir nafngjafir og giftingar (táknrænar og löglegar) voru afhent hérna einu sinni. Þjónustuvegar óska einstaka sinnum eftir slíku og þó afhending skjala hafi fjarað út að einhverju leyti hefur ekki verið tekin bein ákvörðun um hvað verði gert.

- Ekki hefur verið ljóst hvað eigi að segja við slíkum beiðnum.

Álit athafnaráðs: Meirihluti athafnaráðs er mjög andvígur útgáfu skjala. Það fer vinna í að hanna, setja upp og halda utan um útgáfu þeirra sem er óþarfi þegar þetta eru mjög fá tilvik á ári. Són á tíma, hvort sem það er tími athafnastjóra eða skrifstofunnar.

Ályktun stjórnar: Stjórn telur rétt að bjóða þeim sem kaupa athafnir hjá félaginu upp á að fá skírteini. Annað hvort í .pdf formi eða útprentað og þá þess vegna gegn málamyndagjaldi, t.d. 5.000,- isk.


- Stjórn felur skrifstofu að útfæra þetta.

3. Yfirlit athafna 2023

Skrifstofa hefur tekið saman tölfræði tengda athöfnum 2023 úr vinnuskjali verkefnastýru athafnaþjónustu. Sjá hér sýnidæmi.

Bent var á að upplýsingar um ferli við úthlutun á fatastyrk til athafnastjóra mætti vera skýrarara frá skrifstofu

Rætt var um að bið er fram í maí til að giftast hjá Sýslumanni.





Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands



Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union


EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

4. Fermingarskráningar

Komnar eru 574 fermingarskráningar, en á sama tíma í fyrri var fjöldi skráninga yfir 700.

Fjöldi skráninga í fermingarathöfn næsta árs



5. Gaza

12. desember var birt yfirlýsing frá meirihluta trú- og lífsskoðunarfélaga í samráðsvettvanginum vegna ástandsins á Gaza og var Siðmennt hluti af henni.

Talsverður fjöldi félagasamtaka á Íslandi eru að vinna yfirlýsingu vegna stöðunnar á Gaza og fólks sem bíður fjölskyldusameiningar. Siðmennt vill ver með í henni, stjórn mun skoða þegar yfirlýsingin er tilbúin.

6. Viðburðir

Sólstöðuhátíð 21. desember heppnaðist vel og vakti lukku. Mögulega hefði mátt auglýsa viðburðinn betur og vera með betri myndatöku.

Ekki fékkst útvarpsstöð til að spila jólahugvekju á aðfangadag en hugvekja Braga Páls frá Sólstöðuhátíðinni var birt á netinu þann 22. desember.

Stefnt er á að halda vinnufund stjórnar helgina 10. - 11. febrúar.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

7. Önnur mál

Raunverulegir eigendur: Uppfæra þarf hjá skattinum. framkvæmdastjóri fer í verkið.

Þema ársins 2024 er: heilbrigðiskerfi.

Næsti fundur: Zoomfundur 8. febrúar.

Ákvörðunarlisti

Atriði
Siðmennt styður aðra yfirlýsingu vegna Gaza
Vinnufundur stjórnar 10. - 11. febrúar
Skrifstofan bjóði upp á að gefa út skírteini
Skerpt verði á upplýsingum varðandi fatastyrk athafnastjóra
Uppfæra þarf skrá yfir raunverulega eigendur
Þema ársins 2024 er Heilbrigðiskerfi

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands